



## Sveitarstjórnarfundur 11. desember 2024

Miðvikudaginn 11. desember 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 27. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ísabella Benediktsdóttir, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Sunna Einarsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

### Dagskrá 27. fundar:

1. Fundargerð 26. sveitarstjórnarfundar 21.11.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Fjárhagsáætlun 2025 – Seinni umræða
5. Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028 – Seinni umræða

### Fundargerð:

#### **1. Fundargerð 26. sveitarstjórnarfundar 21.11.2024.**

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### **2. Fundargerðir nefnda**

- a. Fundargerð kjörstjórnar, 30.11.2024.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

#### **3. Aðrar fundargerðir**

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga, 956. fundur stjórnar, 20.11.2024.  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 957. fundur stjórnar, 22.11.2024.  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 958. fundur stjórnar, 24.11.2024.  
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga, 959. fundur stjórnar, 29.11.2024.  
Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### **4. Fjárhagsáætlun 2025 – Seinni umræða**

- a. Tillaga að tekjustofnum 2025
  - i. Útsvar: 14,97% af útsvarsstofni eða hámarks útsvarsálagning sem heimilt er samkvæmt lögum.
  - ii. Fasteignaskattur.
    - a. Íbúðarhús og útihús í sveitum: 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.
    - b. Opinberar byggingar: 1,32% af fasteignamati húss og lóðar .

- c. Aðrar fasteignir: 1,4% af fasteignamati húss og lóðar. Elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili og búsetu í Kaldrananeshreppi njóta 75% afsláttar af fasteignaskatti ef árstekjur fara ekki yfir 4.500.000 kr.- hjá einstaklingi og 6.400.000 kr.- hjá hjónum samkvæmt nýjasta skattframtali. Þar með talið eignir og fjármagnstekjur. Gjalddagar fasteignagjalda verði 5. þ.e.: 1. feb, 1. apr, 1. júní, 1. ágúst og 1. október.
- iii. Lóðarleiga í Drangneslandi: Lóðarleiga verði 1,3% af fasteignamati lóðar.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028 – Seinni umræða

Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028 rædd.

Fjárhæðir í þúsundum króna

	<u>A hluti</u>	<u>A og B hluti</u>
Rekstrarniðurstaða 2025	36.809	34.849
Handbært fé frá rekstri	12.594	18.068
Fjárfestingar nettó	125.000	138.000
Tekin ný langtímalán	60.000	70.000
Handbært fé í árslok	44.783	45.608

Fjárhagsáætlun rædd.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun óbreytta.

Tillögur að gjaldskrá 2025 voru teknar fyrir á síðasta sveitarstjórnarfundum sem haldinn var 21. nóvember sl.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 20:41